

Nr. 14/1896.

Rjettvísín

gegn

Sigurði Sigurðssyni.

## D ó m u r :

Með aukarjettardómi Rangárvallasýslu, upp-  
kveðnum 6. maimán. f. á., var hinn ákærði, Sig-  
urður bóndi Sigurðsson á Lambhúshól í Vestur-  
Eyjafjallahreppi, dæmdur samkvæmt 250. gr. sam-  
anborinni við 1. gr. almennta hegningarlaga 25.  
júni 1869 til að sæta 4×5 daga fangelsi við vatn  
og brauð og til að greiða allan af málinu gegn  
honum leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslu-  
laun til verjanda hans í hjerði, Sighvats alþing-  
ismanns Árnasonar, 5 krónur. En dómi þessum  
er eptir ósk hins dómfellda skotið til yfirdómsins.

Það er sannað með eigin játningu hins á-  
kærða, að hann haustið 1894 markaði lamb ann-  
ars manns undir sitt mark til þess að helga sjer  
það. Tók hann fyrst lambið í ógáti, af því að  
honum sýndist sitt mark vera á því, þegar fje  
var í fyrsta sinn rekið af heimaheiði um haustið,  
og bikaði á það hagamark sitt, og slepti því svo.  
Kom lambið síðan eigi fyrir í fyrstu lögrjett, en í  
annari lögrjett dró ákærði sjer lambið, og þó að  
hann sæi þá, að hann átti eigi lambið, fór hann  
með það heim til sín og breytti markinu á því,  
og kveðst hann hafa gjört þetta mestmegnis af  
því, að sjer hafi þótt leitt að skila lambinu aptur,  
úr því að hann áður var búinn að eigna sjer það  
með því að hagamerkja sjer það. Lambið var litlu

síðar tekið hjá ákærða, og virðist eigandinn hafa fengið það aptur.

Þetta brot hins ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefur áður sætt ákæru eða dómi fyrir nokkurt lagabrot, ber að heimfæra undir 231. gr. 1. almennra hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhúsvinna. Ber því að breyta hinum áfrýjanda dómi að þessu leyti. Um málskostnað á undirdómurinn að vera óraskaður, og ber ákærða auk þess að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra.

Við rekstur málsins í hjeradi er það aðfinningarvert, 1. að við prófið 26. jan. f. á. var kvennmaður hafður fyrir rjettarvitni, sem eigi er lögum samkvæmt, sbr. tilsk. 3. júní 1796, 36. og 24. gr. sbr. N.L. 1. 7.; — 2. að engin virðing hefur verið látin fram fara á hinu stolna lambi; — 3. að eigandi lambsins hefur eigi verið látinn helgasjer það fyrir rjettinum, sbr. op. br. 28. marz 1800, og gefa þar skýrslu í málinu fyrir sitt leyti — 4. að vottun vantar í dóminn samkvæmt tilsk. 3. júní 1796, 35. gr. um lögmati málsmedferðarinnar fyrir undirdóminum; og 5. að óhæfilega langur tími hefur liðið frá því að undirrjettardómurinn var uppkveðinn 6. maímán. f. á. og þangað til málið komst til yfirdómsins 2. marz þ. á. Að öðru leyti hefur meðferð málsins af undirdómarans hálfu verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

## Því dæmist rjett vera:

Hinn ákærði Sigurður Sigurðsson sæti 8 mánaða betrunarhúsvinnu, en að öðru leyti á aukarjettardómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði og allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. juris Hannesar Thorsteinson og yfirjettar-málaflutningsmanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

## Mánudaginn 1. júnímánaðar.

Nr. 18/1896.

Hið opinbera  
gegn

Jósep Einarssyni.

## D ó m u r:

Mál þetta var í hjerði höfðað fyrir lögreglu-rjetti Húnavatnssýslu samkvæmt kæru hrepps-nefndarinnar í Sveinsstaðahreppi gegn hinum kærða, bóndanum Jósep Einarssyni á Hjallalandi, til sekta og skadabóta fyrir gangnavanskil, er hann áleizt hafa gjörzt sekur í síðastliðið haust, og var það dæmt í tjeðum rjetti 17. jan. þ. á. þannig, að kærði var dæmdur sýkn af kærum hins opinbera í málinu, en skyldaður til að greiða upprekstrarfjelagi Áss- og Sveinsstaðahreppa 12 krónur fyrir að hafa eigi lagt til mann í síðari göngur 1895. Málskostnaður skyldi greiddur af almannaþje. Þessum